Sþ. **734. Tillaga til þingsályktunar**

um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Páll Þorbjörnsson, Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða útvegsmönnum fjárhæð, er svari til þess, er greitt verður í ríkissjóð á árinu 1936 í útflutningsgjald af fiskbeinum umfram 10 kr. af smálest. Endurgreiðslunni til hvers einstaks útvegsmanns skal haga svo, að hann fái greiðslu í réttu hlutfalli við það magn fiskbeina, er hann selur til útflutnings á árinu, enda sanni hann kröfu sína með kvittuðum reikningi kaupanda og vottorði frá matsmanni.